



Erlendum ferðamönnum fækkaði um 76% á síðasta ári

Alls komu rúmlega 478 þúsund erlendir ferðamenn til landsins á síðasta ári. Þeir voru rétt tæplega 2 milljónir árið 2019 og fækkaði þeim því um 76% milli ára. Leita þarf aftur til ársins 2010, síðasta ársins fyrir uppsveifluna í ferðapjónustu, til að finna færri ferðamenn. Þessa þróun má rekja til Covid-19-faraldursins sem hefur tekið ferðapjónustu heimsins tímabundið úr sambandi.

Sé horft á fækkun ferðamanna eftir þjóðerni sést að þeim fækkaði í öllum tilfellum mikið. Minnst fækkaði dönskum ferðamönnum sem fækkaði um 52,8%. Þar á eftir komu Svisslendingar með 60,5% fækkun og Bretar í kjölfarið með 61,1% fækkun. Mesta fækkunin var hjá Rússum en þeim fækkaði um 88,8% milli ára og má eflaust að hluta til rekja það til veikingar á rúblunni. Hún lækkaði verulega vegna lækkunar á heimsmarkaðsverði olíu. Önnur mesta fækkunin var 88,7% hjá Bandaríkjamönnum, sem hafa á síðustu árum verið fjölmennasti hópurinn sem hingað hefur komið. Þriðja mesta fækkunin var svo hjá Svíum en þeim fækkaði um 86,8%.


Minnsta fækkunin yfir sumarmánuðina

Mesta fækkun ferðamanna var frá marsmánuði og til ársloka en segja má að faraldurinn hafi byrjað fyrir alvöru í mars. Fækkunin á fyrstu tveimur mánuðum ársins nam einungis 5,8% en ferðamönnum hafði einnig fækkað suma mánuði þar á undan. T.d. var á bilinu 6-10% fækkun ferðamanna í október og nóvember árið 2019. Einnig var almenn fækkun ferðamanna á árinu 2019 sem rekja má að töluverðu leyti til þrots WOW air. Fækkunin frá og með mars og fram í desember nam 87% m.v. sama tímabil árið áður. Eftir að faraldurinn hófst á síðasta ári var minnsta fækkunin yfir sumarmánuðina júlí og ágúst en þá lá fækkunin á bilinu 75-80%.

Ísland nálægt miðjunni í samanburði við önnur lönd


Sé horft á fækkun í komum ferðamanna hingað til lands með flugi í samanburði við önnur lönd má segja að við séum í miðjunni á dreifingunni. Þannig

Breyting í fjölda erlendra ferðamanna 2020



Fækkun miðað við árið 2019
Heimild: Ferðamálastofa

Breyting í fjölda ferðamanna 2020



Breyting frá sama mánuði árið áður
Heimild: Ferðamálastofa




er fjöldi landa sem fékk að kenna á meiri fækkun en við en einnig fjöldi landa þar sem fækkunin var minni. Fækkun í komum ferðamanna hingað til lands nam 69% á fyrstu þremur fjórðungum 2020 borið saman við sama tímabil árið áður. Dæmi um lönd þar sem fækkunin var minni eru Mexíkó (-47% breyting), Nýja-Sjáland (-57%), Holland (-60%) og Rússland (-62%). Dæmi um lönd þar sem fækkunin var meiri eru Tævan (-85%), Japan (-84%), Grikkland (-77%) og Bandaríkin (-72%). Mismikil fækkun eftir löndum mótast líklega að stórum hluta af stöðu og þróun farsóttarinnar í viðkomandi löndum og umfangi sóttvarnaraðgerða á landamærum ríkjanna.

Mikil óvissa um fjöldann á þessu ári

Í þjóðhagsspá okkar frá því október spáðum við því að fjöldi erlendra ferðamanna sem hingað komi árið 2021 verði um 650 þúsund. Um þessa stærð ríkir mikil óvissa. Flestar þjóðir þeirra ferðamanna sem hafa sótt landið heim á síðustu árum eru byrjaðar að bólusetja þegna sína en enn er mjög mikið verk óunnið til þess að mynda hjarðónæmi í helstu viðskiptalöndum og óljóst hvenær það næst. Sú óvissa snýr helst að því hvenær allt það bóluefni sem búið er að panta muni berast. Ekkert liggur fyrir um tímasetningar á því hvenær allt bóluefni sem Íslendingar hafa pantað komi til landsins. Jafnvel þó að svo fari að við komumst fram fyrir röð hjá Pfizer eins og talað hefur verið um mun það væntanlega hafa takmörkuð áhrif á komur erlendra ferðamanna hingað til lands ef aðrar þjóðir eiga enn eftir að ná upp hjarðónæmi hjá sér.

Fækkun erlendra ferðamanna 2020



Breyting milli fyrstu þriggja fjórðunga 2020 og sama tímabils árið áður hjá ýmsum löndum
Heimild: Macrobond (Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn), Ferðamálastofa

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.